

## Svar

### umhverfis- og auðlindaráðherra við fyrirspurn frá Karli Gauta Hjaltasyni um urðun úrgangs.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hverjir eru urðunarstaðir úrgangs hér á landi? Óskað er eftir upplýsingum um alla urðunarstaði í skilningi reglugerðar um urðun úrgangs nr. 738/2003, sem og eldri urðunarstaði og staðsetningu þeirra, eins langt aftur og upplýsingar liggja fyrir um.*
2. *Á hvaða tímabili var úrgangur urðaður á hverjum stað skv. 1. tölul., hvert er magn úrgangs á hverjum stað og hver er frágangur hans?*
3. *Hvernig flokkast úrgangur urðaður á hverjum stað skv. 1. tölul., hvert er hættustig úrgangsins fyrir umhverfið og heilbrigði manna og dýra?*

Urðun úrgangs er starfsleyfisskyld starfsemi, sbr. 14. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og 6. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og er Umhverfisstofnun útgefandi starfsleyfis. Svar við fyrirspurninni byggist því á upplýsingum frá Umhverfisstofnun um þá urðunarstaði sem starfa, eða störfuðu áður en þeim var lokað, á grundvelli starfsleyfis og felur í sér tæmandi yfirlit yfir þessu urðunarstaði. Öðru máli gegnir um gamla urðunarstaði, þ.e. þá sem voru í rekstri áður en starfsleyfisskylda kom til. Aðgengilegar og áreiðanlegar heimildir um slíka staði liggja ekki fyrir nema að takmörkuðu leyti. Skipulögð sorphreinsun og urðun úrgangs hefur tíðkast hér á landi í meira en öld. Í flestum tilfellum eru ekki til skráðar heimildir um staðsetningar gamalla urðunarstaða eða um þann úrgang sem þar var urðaður. Umfjöllunin um gamla urðunarstaði byggist á tveimur heimildum, annars vegar á yfirliti sem Umhverfisstofnun tók saman árið 2005 yfir mögulega menguð svæði, þ.m.t. gamla urðunarstaði, á landsvísu<sup>1</sup> og hins vegar á upplýsingum sem umhverfissvið Reykjavíkurborgar tók saman ári síðar um gamla urðunarstaði í Reykjavík.<sup>2</sup> Varðandi fyrri heimildina þá eru upplýsingar um gamla urðunarstaði misítarlegar eftir landshlutum og er rétt að gera ráð fyrir að yfirlitið sem á henni er byggt sé ekki tæmandi. Ef tekið er mið af því hvernig meðhöndlun úrgangs fór almennt fram áður fyrr má leiða líkur að því að urðun hafi að einhverju marki farið fram við flesta þéttbýlisstaði á landinu.

Varðandi magn þess úrgangs sem hefur verið urðað þá nær saga flestra urðunarstaða það langt aftur að upplýsingar um heildarmagn á hverjum stað eru ekki aðgengilegar með auðveldum hætti. Síðasta áratug eða svo hafa skyldur rekstraraðila urðunarstaða er varða umsóknir um starfsleyfi og skil þeirra á gögnum aukist umtalsvert, ásamt því sem rafræn umsýsla tölulegra upplýsinga um magn úrgangs var tekin upp fyrir fæeinum árum. Þar af leiðandi koma einungis fram í þessu svari upplýsingar um magn úrgangs sem urðað var

<sup>1</sup> Umhverfisstofnun (2005). Report on Soil Protection and Remediation of Contaminated Sites in Iceland. A preliminary study.

<sup>2</sup> Umhverfisssvið Reykjavíkurborgar (2006). Gamlir urðunarstaðir í Reykjavík.

árlega á urðunarstöðum með starfsleyfi á tímabilinu 2014–2018, þ.e. eftir að rafrænar skráningar hófust.

*Urðunarstaðir á Íslandi, staðsetning þeirra, rekstrartímabil og frágangur.*

Í töflu 1 er yfirlit yfir þá urðunarstaði sem eru með gilt starfsleyfi og upplýsingar um hvernær þeir fengu fyrst starfsleyfi, samkvæmt þeim upplýsingum sem aðgengilegar eru. Það gefur hugmynd um hvenær urðun á viðkomandi stað hófst en á sumum þessara urðunarstaða var þó hafinn rekstur öllu fyrr og því liggja ekki fyrir nákvæmar upplýsingar um rekstrartímabil. Það sama gildir um þá urðunarstaði sem voru með starfsleyfi á rekstrartíma en hefur nú verið lokað (tafla 2). Varðandi nákvæma staðsetningu starfandi urðunarstaða þá er hnittsetning þeirra gefin upp í þeim tilfellum þar sem þær upplýsingar eru aðgengilegar og nákvæm staðsetning urðunarstaða sem lokað hefur verið er gefin upp með landnúmeri viðkomandi landeignar. Við lokun gefur Umhverfisstofnun út skrifleg fyri mæli til rekstraráðila um frágang og vöktun viðkomandi urðunarstaðar og er þeim þinglýst á viðeigandi landnúmer, sbr. 61. gr. laga um meðhöndlun úrgangs.

*Tafla 1. Urðunarstaðir sem eru með gilt starfsleyfi.*

Rekstraraðili	Staðsetning	X (ISBN93)	Y (ISBN93)	Hnit Fékk fyrst starfsleyfi
Bolungarvíkurkaupstaður	að Hóli			31.8.2000
Borgarbyggð	Bjarnhlóum	360102	451984	9.7.2002
Borgarfjarðarhreppur	Brandsbólum	739418	568594	31.8.2000
Byggðasamlagið Hula	Skógasandi	475090	332612	7.1.2000
Dalabyggð	Höskuldsstöðum			9.9.2015
Elkem Ísland ehf.	Grundartanga (eigin úrgangur)	365255	430671	24.11.1998
Fjarðabyggð	Þernunesi	741266	507688	27.2.2008
Fljótsdalshérað	Tjarnarlandi			16.11.2001
Langanesbyggð	Bakkafirði			5.9.2002
Mýrdalshreppur	við Uxafótarlæk	501748	324486	7.1.2000
Norðurá bs.	Stekkjarnvík	441621	580285	26.11.2010
Norðurál Grundartangi ehf.	Grundartanga (eigin úrgangur)	365420	430794	26.3.1997
Norðurþing	Laugardal	574546	617914	24.11.1997
Norðurþing	Kópaskeri			9.9.2002
Rio Tinto á Íslandi hf.	Straumsvík (eigin úrgangur)			7.11.2005
Skaftárhreppur	Stjórnarsandi	475090	332612	7.1.2000
SORPA bs.	Álfnesi	366625	412355	11.6.2001
Sorpsamlag Strandasýslu ehf.	Skeljavík	377099	581129	15.5.2006
Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.	Strönd	690508	590017	13.12.2007
Sorpstöð Suðurlands bs.	Kirkjuferjuhjáleigu	475090	332612	22.9.1998
Sorpurðun Vesturlands hf.	Fíflholtum, nýr urðunarstaður	349952	469714	5.2.2014
Stykkishólmsbær	Ögri	370296	514887	9.11.2006
Sveitarfélagið Hornafjörður	í landi Syðri-Fjarðar	692966	428910	9.12.2002
Vopnafjarðarhreppur	Búðaröxl	690508	590017	5.9.2002

Tafla 2. Urðunarstaðir sem voru með starfsleyfi en hefur nú verið lokað.

Rekstraraðili	Staðsetning	Landnúmer	Fékk fyrst starfsleyfi	Fyrirmæli um frágang og vöktun gefin út
Akraneskaupstaður	við Berjadalsá	172746	4.12.2002	13.11.2014
Akureyrbær	Glerárdal	220320	24.9.1999	13.8.2014
Blönduósþær	Draugagili	221109	3.3.2005	9.7.2014
Bæjarveitur Vestmannaeyja	Bústaðagryfju	221478	24.9.1999	26.3.2014
Breiðdalshreppur <sup>3</sup>	Heydalamelum		31.8.2000	Verða gefin út
Dalabyggð	Búðardal	137556	9.7.2002	11.6.2014
Funi-Sorpbrennsla	Klofningi	138618	24.9.1999	15.11.2012
Grundarfjarðarbær	Hrafnkelss töðum	136625	4.12.2002	5.12.2012
Húnápíng vestra	Syðri-Kárástöðum	144501	27.7.2001	29.4.2015
Sveitarfélagið Skagaströnd	Neðri-Harrastöðum	145864	3.3.2005	19.6.2014
Langanesbyggð	Þórshöfn	221636	5.9.2002	23.4.2014
Sorpstöð Suðurlands bs. <sup>4</sup>	Kirkjuferjuhjáleigu	174184	22.9.1998	13.5.2015
Sorpurðun Vesturlands hf.	Fíflholtum, eldri urðunarstaður	135995	17.8.1998	11.6.2014
Sveitarfélagið Hornafjörður	Svínafellí	160192, -95 og -96	4.12.2002	10.4.2013
Sveitarfélagið Skagafjörður	Skarðsmóum	145958	7.12.1987	13.8.2014
Vesturbýggð	Vatnseyrarhlíð	222306	18.11.2002	29.1.2015

Í töflu 3 er yfirlit yfir gamla urðunarstaði, þ.e. sem voru í rekstri áður en starfsleyfisskylda kom til. Ítarlegustu upplýsingarnar varða gamla urðunarstaði í Reykjavík og þar liggja jafnan fyrir upplýsingar um nákvæma staðsetningu og um rekstrartímabil. Upplýsingar um gamla urðunarstaði annars staðar á landinu eru ekki eins ítarlegar. Ekki liggja fyrir haldbærar upplýsingar um frágang allra þessara gömlu staða og gera má ráð fyrir að hann sé mismunandi. Í sumum tilfellum eru þessir staðir komnir undir byggð eða hafa verið nýttir undir starfsemi af einhverju tagi. Aðrir staðir eru afskekktir.

Tafla 3. Gamlir urðunarstaðir sem ekki höfðu starfsleyfi (yfirlitið er ekki tæmandi).

Staðsetning	Nánari staðsetning	Í notkun (u.þ.b.)
Reykjavík	Selsvör við Ánanaust	1900–1940
Reykjavík	frá Grandavegi vestur að býlinu Eiði	1940–1954
Reykjavík	við Reykjavíkurtjörn og fyrir neðan Háskólann	1900–1928
Reykjavík	í Vatnsmyrinni fyrir neðan gamla Kennaraskólann	1930–1955
Reykjavík	Skólavörðuholti	1900–1928
Reykjavík	við Skúlagötu, neðan Barónsstígs	1930–1950
Reykjavík	við sorpbrennslu við Stórhöfða	1953–1967
Reykjavík	sorpeyðingarstöðinni við Stórhöfða	1958–1978
Reykjavík	við Fossaleyni	1958–1965
Reykjavík	í Stekkjabrekku við Vesturlandsveg	1958–1967
Reykjavík	í Ártúni	1958–1968

<sup>3</sup> Starfsleyfi urðunarstaðarins í Breiðdalshreppi er fallið úr gildi og hefur rekstraraðili hafið lokunarferli.

<sup>4</sup> Urðunarstaðnum að Kirkjuferjuhjáleigu hefur verið lokað og fyrirmæli um frágang og vöktun gefin út en starfsleyfi staðarins er enn í gildi.

Staðsetning	Nánari staðsetning	Í notkun (u.þ.b.)
Reykjavík	Geirsnefi	1960–1967
Reykjavík	Keldnaholti	1960–1973
Reykjavík	við loftskeytastöð í Gufunesi	1960–1970
Reykjavík	Gufuneshaugum	1967–1991
Reykjavík	við Kirkjusand	Um og eftir 1967
Hafnarfjörður	Hamranevi	
Sunnan Reykjavíkur		
Reykjanes	Stafnesi	1980–2002
Reykjanes	Miðnesheiði	
Reykjanesbær	við Hafnaveg	
Ölfus	við Selfoss	
Egilsstaðir	Pórsnesi	
Reyðarfjörður		
Eskifjörður	Hólmanesi	
Neskaupstaður	ofan við gamla frystihúsið	
Seyðisfjörður	við gamla brennarann	
Breiðdalsvík	við gamla brennarann	
Hornafjörður	Fjárhúsavík	
Ólafsfjörður		
Mývatnssveit	við Kíslíðju	
Mývatnssveit	norðan Kíslíðju	
Raufarhöfn		
Akureyri (tveir gamlir urðunarstaðir)		
Dalvík		
Grenivík		
Hrísey		
Húsavík	Saltvík	
Þingeyjarsveit	Húsabakka, Aðaldal	
Þingeyjarsveit	Kvígindisdal	
Heiðarfjall		
Mosfellsbær	nærri vegamótum Hafravatnsvegar og Úlfarsfellsvegar	

*Magn og hættustig úrgangs sem urðaður hefur verið á hverjum urðunarstað.*

Eins og áður hefur komið fram liggja ekki fyrir aðgengilegar upplýsingar um það heildarmagn sem urðað hefur verið á hverjum urðunarstað. Í töflu 4 er hins vegar að finna upplýsingar um magn þess úrgangs sem urðaður var á tímabilinu 2014–2018 á hverjum þeirra urðunarstaða sem eru starfandi (tafla 1). Á þessu tímabili fór ekki fram urðun á þeim stöðum sem hefur verið lokað (tafla 2), að undanskildum urðunarstað Breiðdalshrepps þar sem voru urðuð samtals 435 tonn á tímabilinu og urðunarstað Húnapings vestra þar sem urðuð voru 1.067 tonn árið 2014.

Þeir urðunarstaðir sem eru starfandi og hafa starfsleyfi til að taka á móti úrgangi frá öðrum hafa allir heimild til að taka annaðhvort á móti almennum úrgangi eða óvirkum úrgangi til urðunar. Almennur úrgangur er allur úrgangur annar en spilliefni og óvirkur úrgangur er úrgangur sem breytist ekki verulega líf-, efna- eða eðlisfræðilega og hefur ekki skaðleg áhrif

á umhverfið, t.d. múrbrot, gler og uppmokstur. Dæmi um almennan úrgang er sorp frá heimilum og úrgangur frá atvinnustarfsemi sem ekki telst vera spilliefni. Almennur úrgangur hefur að jafnaði meiri áhrif á umhverfið en óvirkur úrgangur en telst samt sem áður hættulítil. Þessir urðunarstaðir eru því almennt ekki ætlaðir til urðunar á spilliefnum. Það sama gildir um þá urðunarstaði sem voru með starfsleyfi en lokað hefur verið, þ.e. þeir tóku annað hvort á móti almennum úrgangi eða óvirkum úrgangi. Í gildi eru reglur sem kveða á um mat á hættulegum eiginleikum úrgangs og í hvaða tilfellum flokka eigi úrgang sem spilliefni, sbr. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs. Vakin er athygli á því að þótt urðunarstöðum fyrir almennan úrgang sé almennt ekki heimilt að taka á móti spilliefnum þá er þeim heimilt, að uppfylltum tilteknunum skilyrðum, að taka við spilliefnum sem flokkast sem stöðug og óvirk, sbr. 4. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Það heyrir til undantekninga að þessi heimild eigi við. Jafnframt er athygli vakin á að starfandi urðunarstaðir eru undir reglubundnu eftirliti Umhverfisstofnunar og við þá fer jafnan fram reglubundin vöktun á losun mengunarefna, svo sem í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Reglubundin vöktun fer líka fram við þá urðunarstaði sem hefur verið lokað, svo lengi sem telja má að mengunarhætta stafi af þeim.

Þrír af þeim urðunarstöðum sem eru starfandi eru ekki hefðbundnir urðunarstaðir, heldur svokallaðar flæðigryfjur. Tvær þessara gryfja eru staðsettar á Grundartanga og ein í Straumsvík og eru þær sérstaklega útbúnar til förgunar á eigin úrgangi sem fellur til við framleiðslustarfsemi þeirra fyrirtækja sem standa að rekstri þeirra. Þeim er ekki heimilt að taka við úrgangi frá öðrum til förgunar. Í starfsleyfum fyrirtækjanna er tiltekið hvaða úrgangi er heimilt að farga en í sumum tilfellum er um að ræða spilliefni. Líkt og aðrir starfandi urðunarstaðir þá eru þessir þrír staðir undir reglubundnu eftirliti Umhverfisstofnunar og við þá fer fram reglubundin vöktun á mengunarefnum í sjó, sjávarseti og í kræklingi.

Varðandi þá gömlu urðunarstaði sem staðsettir eru í Reykjavík þá eru þeir misstórir og hefur magn úrgangs á hverjum þeirra verið áætlað frá nokkrum tugum til tugþúsunda tonna. Talið er að á flestum þessara urðunarstaða hafi verið urðaður hættulítil úrgangur en á nokkrum þeirra eru taldar miklar líkur á að urðuð hafi verið spilliefni. Ekki liggja fyrir upplýsingar um stærð gamalla urðunarstaða annars staðar á landinu en þeir voru að líkindum flestir ætlaðir til urðunar á hættulitum úrgangi. Líkt og í Reykjavík verður þó að teljast líklegt að á a.m.k. sumum þeirra hafi jafnframt verið urðuð spilliefni.

*Tafla 4. Magn úrgangs sem urðaður var 2014–2018.*

Rekstraraðili	Staðsetning	Magn [tonn]				
		2018	2017	2016	2015	2014
Bolungarvíkurkaupstaður	að Hóli	45	48	25	7	236
Borgarbyggð	Bjarnhólum	18	16	3	16	0
Borgarfjarðarhreppur	Brandsbölum	139	49	162	75	153
Byggðasamlagið Hula	Skógasandi	537	395	577	390	419
Dalabyggð	Höskuldsstöðum	31	68	9	0	
Elkem Ísland ehf.	Grundartanga	4137	3367	3558	5340	3538
Fjarðabyggð	Þernunesi	1735	2824	2991	2164	2075
Fljótsdalshérað	Tjarnarlandi	2214	1537	1504	1434	1341
Langanesbyggð	Bakkafirði	197	87	0	0	
Mýrdalshreppur	við Uxafótarlæk	537	0	0	0	
Norðurá bs.	Stekkjarvík	18410	20523	20241	18267	16088
Norðurál Grundartangi ehf.	Grundartanga	11052	10809	24199	11644	7537

Rekstraraðili	Staðsetning	Magn [tonn]				
		2018	2017	2016	2015	2014
Norðurþing	Laugardal	536	616	593	503	0
Norðurþing	Kópaskeri					
Rio Tinto á Íslandi hf.	Straumsvík	4387	4675	20817	27278	4411
Skaftárhreppur	Stjórnarsandi	197	198	197	198	181
SORPA bs.	Álfnesi	147196	141688	122540	108546	102493
Sorpsamlag Strandasýslu ehf.	Skeljavík	245	50	314	48	344
Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.	Strönd	1788	1820	1529	1737	2089
Sorpstöð Suðurlands bs.	Kirkjuferjuhjáleigu	0	0	0	0	0
Sorpurðun Vesturlands hf.	Fíflholtum, nýr urðunarstaður	17573	14168	12586	11225	11462
Stykkishólmsbær	Ögri	228	185	0	30	188
Sveitarfélagið Hornafjörður	í landi Syðri-Fjarðar	3312	2782	1903	2257	2103
Vopnaþjárðarhreppur	Búðaröxl	786	909	1237	1048	576